

Skólaráð Hörðuvallaskóla

4. fundur skólaársins 2016-2017, haldinn 10. nóvember 2016

Skólastjórnendur: Ágúst Jakobsson, Þórunn Jónasdóttir

Fulltrúar foreldra og grenndarsamfélags: Marta Kristín Sigurjónsdóttir, Heiðar Ágúst Atlason, Linda Björk Hilmarsdóttir.

Fulltrúar starfsmanna: Alma Ernstdóttir, Sigríður Einarsdóttir.

Dagskrá og afgreiðslur:

1. Fjárhagsáætlun næsta árs.

Skólastjóri fór yfir útlit og horfur varðandi fjárhagsáætlunargerð fyrir skólann. Útlit er fyrir að á næsta ári fái nokkur aukning á stöðuheimildum a.m.k. til stjórnunar, námsráðgjafar, tölvuumsjónar og eldhúss. Hins vegar er ekki útlit fyrir stækkun húsnæðis fyrir næsta haust, a.m.k. lagt að skólanum að leita leiða til að rúma aukinn nemendafjölda næsta haust með betri nýtingu húsnæðisins, og bent á að hér eru fleiri bekkjardeildir en úthlutunarmódel til skóla bæjarins gerir ráð fyrir. Starfsfólk þarf því að veita og meta hugsanlegar leiðir til þess að taka á móti fleiri nemendum í núverandi húsnæði.

2. Stefnumótunarvinna.

Stefnumótunarvinna vetrarins er að fara í gang og hefst formlega með skólapingi foreldra þann 22. nóvember, umræðum starfsmanna á starfsdegi 23. nóvember og skólapingi nemenda á næstu vikum. Einnig er í skoðun að fá Ingvar Sigurgeirsson, prófessor við HÍ, til að aðstoða okkur við að rýna í starfshætti og skipulag og veita ráðgjöf í framhaldinu. Stefnt að því að formleg stefna fyrir skólann verði frágengin í janúar-febrúar og þá hefjist frekari útfærsluvinna.

3. Bílastæðamál.

Undirrituð sameiginleg áskorun frá skólaráði Hörðuvallaskóla og foreldraráði Heilsuleikskólans Kórs um umbætur í bílastæðamálum stofnananna. Áskorunin verður send til þar til viðeigandi aðila.

4. Önnur mál.

Stuttar umræður um forföll starfsmanna sem hafa verið mikil þetta haustið, eins og í flestum öðrum skólastofnunum bæjarins að því er virðist.